

Upplýsingar fyrir innflytjendur eða framleiðendur um markaðssetningu svokallaðra orkudrykkja

Á Íslandi eru svokallaðir orkudrykkir flokkaðir og skilgreindir sem almenn matvæli. Þetta þýðir að reglugerðir um almenn matvæli gilda einnig fyrir svokallaða orkudrykki.

Innflytjendur og framleiðendur þurfa að kynna sér gildandi reglugerðir vel áður en orkudrykkir eru settir á markað héraðs.

Yfirlit yfir reglugerðir um matvæli:

<http://www.ust.is/Matvaeli/Reglugerdir/Reglugerdirogauglysingar/>

Reglur um koffínmagn

Samkvæmt [reglugerð nr. 413/2005 um breytingu á reglugerð um bragðefni](#) í matvælum, nr. 587/1993 með síðari breytingum, er leyfilegt hámark koffíns 150 mg á lítra. Þetta hámark gildir fyrir allar drykkjarvörur, líka svokallaða orkudrykki.

Leyfilegt hámark koffíns í drykkjavörum á
Íslandi:
150 mg/l eða 15 mg/100 ml

Reglur um íblöndun bætiefna

Samkvæmt 1. gr. [reglugerðar nr. 855/2007 um íblöndun bætiefna í matvæli](#) skulu matvælaframleiðendur og –innflytjendur tilkynna markaðssetningu orkudrykkja sem eru bættir með vítamínnum til Umhverfisstofnunar.

Upplýsingar um íblöndun bætiefna í matvæli:

<http://www.ust.is/Matvaeli/Innihaldsefniogframleidsla/Iblondunbaetiefna/>

Önnur efni en vítamín og steinefni

Flestir svokallaðir orkudrykkir innihalda auk koffíns önnur efni sem talin eru hafa einhvers konar virkni á líkamann. Virkni efna á líkamann getur verið breytileg t.d. eftir því hversu mikið er af efnunum í drykknum. Sérstaklega hafa extrökt úr plöntum mismunandi virkni og sum þeirra geta virkað eins og lyf. Leiki vafi á því hvort einstök efni eða efnasambönd teljist lyf sker Lyfjastofnun úr.

Innflytjendur eða framleiðendur þurfa að kanna hvort efni í svokölluðum orkudrykkjum hafa verið skilgreind sem lyf eða ekki áður en orkudrykkir eru settir á markað héraðs.

Lyfjastofnun gefur út lista með vöruflokkun og hann er uppfærður reglulega:

http://www.lyfjastofnun.is/Flokkun_jurta_efna/